



Lögbirtingablað

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.
Netfang: logbirtingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbirtingablad.is.
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Nr. 12 119. ár

29. janúar 2026

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Dómsbirting - dómur nr. S-549/2025

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið fimmtudaginn 15. janúar 2026, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurlandi þann 29. október 2025 sl., á hendur Jorge Bianjo Escalera Ortiz.

Dómsorð:

Ákærði, Jorge Bianjo Escalera Ortiz, greiði 210.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 16 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í einn mánuð, frá birtingu dóms þessa að telja.

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfellda Jorge Bianjo Escalera Ortiz, ofangreindan dóm, er hann birtur í Lögbirtingablaðinu með vísan til 3. mgr. 156. gr. sakamálalaga nr. 88/2008.

Hvolsvelli, 21. janúar 2026
Lögreglustjórinn á Suðurlandi
20260128007A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Dómsbirting - dómur nr. S-598/2025

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið fimmtudaginn 15. janúar 2026, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurlandi þann 29. nóvember 2025, á hendur Donald Anthony Koen.

Dómsbirting:

Ákærði, Donald Anthony Koen, greiði 200.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innanfjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 14 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í átján mánuði, frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, 114.548 krónur.

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfellda Donald Anthony Koen, ofangreindan dóm, er hann birtur í Lögbirtingablaðinu með vísan til 3. mgr. 156. gr. sakamálalaga nr. 88/2008.

Hvolsvelli, 20. janúar 2026
Lögreglustjórinn á Suðurlandi
20260128008A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Dómsbirting - dómur nr. S-540/2025

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið fimmtudaginn 15. janúar sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurlandi þann 23. október sl., á hendur Jacob Blau, fæddum 8. janúar 1970.

Dómsorð:

Ákærði, Jacob Blau, greiði 210.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa en sæti ella fangelsi í 16 daga.

Ákærði er sviptur ökurétti í einn mánuð, frá birtingu dóms þessa að telja.

Þar sem ekki hefur tekist að birta dómfellda, Jacob Blau, ofangreindan dóm, er hann nú birtur í Lögbirtingablaðinu, samkvæmt 3. mgr. 185., gr. 156. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Hvolsvelli, 27. janúar 2026
Lögreglustjórinn á Suðurlandi
20260128009A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Fyrirkall og ákæra

Fyrirkall:

Héraðsdómur Reykjaness gerir kunnugt:

Mál nr. 3587/2025.

Ákærandi: Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, *Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*.

Ákærði: Andrius Jakimavicius, kt. 130388-5319, verður tekið fyrir á dómþingi þriðjudaginn 10. mars 2026 kl. 9:00.

Staður: Salur 2, Fjarðargötu 9, Hafnarfirði.

Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi.

Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum. Birtingarfrestur er 30 dagar.

Héraðsdómur Reykjaness, 16. janúar 2026.

Jón Stefán Björnsson aðstoðarmaður dómara.

Ákæra:

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur: Andrius Jakimavicius, kennitala: 130388-5319, Klettatröð 10, Reykjanesbæ, fyrir líkamsárás og barnaverndarlagabrot, með því að hafa, sunnudaginn 31. desember 2023, á þáverandi heimili sínu að Klettatröð 10 í Reykjanesbæ, tekið son sinn, Danielius Jakimavicius, kt. 240607-1315, hálstaki, með báðum höndum, og þrýst honum upp við borð. Voru afleiðingar árársar ákærða þær að Danielius hlaut yfirborðskennda áverka á hálsi, þ.e. roða og húðbólgu hægra megin á hálsi, ásamt verki í kvið. Telst háttsemi þessi varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, auk 98. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa: Í málinu er þess krafist að ákærði, Andrius Jakimavicius, greiði brotþola, Danielius Jakimavicius, kr. 1.500.000 í skaða- og miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. janúar 2024 til þess dags þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist hæfilegrar þóknunar vegna starfa lögmanns skv. mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Skrifstofu lögreglustjórans á Suðurnesjum, 21. janúar 2026

Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari
20260128015A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Innköllun protabús - Jörfi ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Vesturlands uppkveðnum 16. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Jörfi ehf., kt. 4303250940, Nesflóa 1, Akranesi	4. desember 2025	Þriðjudagur 7. apríl 2026 kl. 11:00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgarbraut 61, 310 Borgarnesi

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgarbraut 61, Borgarnesi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Borgarnesi, 21. janúar 2026
Sverrir Sigurjónsson lögmaður
20260128001A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Innköllun dánarbús - Baldur Björn Borgþórsson

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjaness uppkveðnum 1. desember 2025 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:	Dánardagur:
Baldur Björn Borgþórsson, kt. 0302473539, síðasta heimilisfang: Hlíðarhjalla 14, Kópavogi	27. apríl 2025

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfúlýsingar skulu sendar skiptastjóra að Fjarðargötu 11, Hafnarfirði.

Hafnarfirði
Þórdís Bjarnadóttir hrl
20260128011A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Innköllun dánarbús - Hannes Oddsson

Með úrskurði Héraðsdómur Vesturlands uppkveðnum 22. desember 2025 var neðangreint bú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri dánarbúsins:

Dánarbú, nafn:

Hannes Oddsson,
kt. 1901493829,
síðasta heimilisfang:
Skarðsbraut 13, 300 Akranes

Dánardagur:

23. janúar 2023

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur framangreindu dánarbúi eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Borgarbraut 61, 310 Borgarnesi.

Borgarnesi, 21. janúar 2026

Flosi H. Sigurðsson hrl.
20260128012A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Nauðungarsala - Ísafjörður

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins Hafnarstræti 1, Ísafirði, 25. febrúar 2026 kl. 14.00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar: BOBBY 6, ÍS, Ísafjarðarsýslur og Ísafjörður, (FRÍSTUNDAFISKISKIP), fnr. 7599,
Ísafjarðarbæ
Fastanr.: 7599

Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær

Fjárhæðir krafna í kr.: 358086

Heiti eignar: BOBBY 3, ÍS, Ísafjarðarsýslur og Ísafjörður, (FRÍSTUNDAFISKISKIP), fnr. 7596,
Ísafjarðarbæ
Fastanr.: 7596

Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær

Fjárhæðir krafna í kr.: 373412

Heiti eignar: Skólagata 8, Ísafjarðarbæ

Fastanr.: 2511684

Gerðarþoli (-ar): Fiskur ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Byggðastofnun

Fjárhæðir krafna í kr.: 73758232

Heiti eignar: Melagata 7, Ísafjarðarbæ

Fastanr.: 2306709

Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær og VÍS tryggingar hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 542980

Heiti eignar: Höfðastígur 1, Ísafjarðarbæ

Fastanr.: 2318622

Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær, VÍS tryggingar hf. og Byggðastofnun

Fjárhæðir krafna í kr.: 21241732

Heiti eignar: Höfðastígur 3, Ísafjarðarbæ

Fastanr.: 2318625

Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær, VÍS tryggingar hf. og Byggðastofnun

Fjárhæðir krafna í kr.: 21241398

Heiti eignar: Melagata 6, Ísafjarðarbæ

Fastanr.: 2306708

Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær og VÍS tryggingar hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 546610

Heiti eignar: Melagata 4, Ísafjarðarbæ

Fastanr.: 2306706

Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær og VÍS tryggingar hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 543250

Heiti eignar: Melagata 2, Ísafjarðarbæ

Fastanr.: 2306704

Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær og VÍS tryggingar hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 546545

Heiti eignar: Melagata 1, Ísafjarðarbæ

Fastanr.: 2306703

Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær og VÍS tryggingar hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 544814

Heiti eignar: Melagata 8, Ísafjarðarbæ

Fastanr.: 2306710

Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær og VÍS tryggingar hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 544593

Heiti eignar: Melagata 9, Ísafjarðarbæ

Fastanr.: 2306711

Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær og VÍS tryggingar hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 548431

Heiti eignar: Melagata 3, Ísafjarðarbæ

Fastanr.: 2306705

Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær og VÍS tryggingar hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 539754

Heiti eignar: Melagata 5, Ísafjarðarbæ
Fastanr.: 2306707
Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær og VÍS tryggingar hf.
Fjárhæðir krafna í kr.: 546979

Heiti eignar: Höfðastígur 4, Ísafjarðarbæ
Fastanr.: 2336802
Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær
Fjárhæðir krafna í kr.: 641951

Heiti eignar: Höfðastígur 2, Ísafjarðarbæ
Fastanr.: 2318624
Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær, VÍS tryggingar hf. og Byggðastofnun
Fjárhæðir krafna í kr.: 21244078

Heiti eignar: Höfðastígur 5, Ísafjarðarbæ
Fastanr.: 2336803
Gerðarþoli (-ar): Fisk Club ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær
Fjárhæðir krafna í kr.: 639815

Heiti eignar: Aðalgata 31, Ísafjarðarbæ
Fastanr.: 2126727
Gerðarþoli (-ar): Nostalgía ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær
Fjárhæðir krafna í kr.: 604207

Heiti eignar: Rómarstígur 2, Ísafjarðarbæ
Fastanr.: 2500738
Gerðarþoli (-ar): Nostalgía ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Ísafjarðarbær
Fjárhæðir krafna í kr.: 673804

Ísafirði, 21. janúar 2026
f.h. Sýslumannsins á Vestfjörðum
Skúli H. M. Thoroddsen
20260128010A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Skiptalok - þb. Árni Geir Bergsson

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 15. október 2024 var bú Árna Geirs Bergssonar, kt. 040380-5239, Melbrekku 2, Reyðarfirði, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 21. janúar 2026.

Skiptum lauk með frumvarpi til úthlutunar úr þrotabúinu þar sem 6.566.958 kr. greiddust upp í veðkröfur. Ekkert fékkst greitt upp í almennar kröfur eða eftirstæðar kröfur.

Egilsstöðum, 21. janúar 2026

Eva Dís Pálmadóttir lögmaður
20260128013A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Skiptalok - Tvær fjórar ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 6. janúar 2025, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipað skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 21. janúar 2026 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Tvær fjórar ehf.,
kt. 420316-1270

Lýstar kröfur:

2.777.329 kr.

Reykjavík, 27. janúar 2026
f.h. Önnu Kristínar Kristjánsdóttur skiptastjóra,
Sandra Mjöll Markúsdóttir lögmaður
20260128014A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Skiptafundur - Timburbyggð ehf.

Skiptafundur í þb. Timburbyggðar ehf. kt. 450711-0200, síðast til heimilis að Lyngholti 24, 603 Akureyri, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík, 2. hæð, þann **19. febrúar 2026 kl. 14.00**.

Skiptafundurinn er haldinn af því tilefni að leita eftir atvikum tillagna eða ákvarðana um ráðstafanir sem eru enn ógerðar og til að gefa kost á að slíkar tillögur verði settar fram sbr. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 21/1991.

Reykjavík, 27. janúar 2026
Höskuldur Þór Þórhallsson lögmaður
20260128016A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Skiptafundur - SJ2011 ehf.

Skiptafundur til að ljúka skiptum í neðangreindu þrotabúi SJ2011 ehf., kt. 480411-2180, verður haldinn að Skeifunni 4, Reykjavík, á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um frekari eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:

SJ2011 ehf.,
kt. 480411-2180,
Barðastöðum 13, Reykjavík

Skiptalokafundur:

5. febrúar 2026,
Kl. 11:00

Reykjavík, 27. janúar 2026
Hrannar Hafberg hdl.

20260128017A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Auglýsing um skipulag - Rangárþing ytra

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Lautir, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. janúar 2026 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Lautir. Lautir eru hluti af Álfaborgum en staðsett sunnan Húsagarðsvegar. Áform eru að skilgreina Lautir sem lögbýli. Á jörðinni er fyrirhugað að stunda grænmetisræktun og sjálfbæra vöruþróun. Gert er ráð fyrir íbúðarhúsi og að hluti núverandi útihúsa verði nýttur sem vinnustofur fyrir myndlist og vöruhönnun. Útleiga og gisting verður tengd þeirri skapandi og sjálfbæru starfsemi sem fram fer á staðnum. Aðkoma að svæðinu er af Húsagarðsvegi.

Tillagan liggur frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is. Jafnframt er hægt að skoða skipulagsgögn og senda inn umsagnir í gegnum rafræna Skipulagsgátt á slóðinni www.skipulagsgatt.is.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 2. mars 2026.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti, birgir@ry.is.

21. janúar 2026

Birgir Haraldsson skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

20260128003A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Auglýsing um skipulag - Akureyrarbær

Deiliskipulag Drottningarbrautarreits, Akureyri - Deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breytingu á deiliskipulagi Drottningarbrautarreits, Akureyri vegna endurhönnunar á Hafnarstræti frá Kaupvangsstræti suður að Drottningarbraut.

Breytingin tekur götustæðis Hafnarstrætis frá Kaupvangsstræti í norðri og að Drottningarbraut í suðri. Breytingin felst í að götunni er breytt í vistgötu, stofnstíg fyrir hjólandi umferð er komið fyrir í götunni ásamt því að bílastæðum fækkar úr 49 almennum stæðum í að minnsta kosti 14 en sérmerktum stæðum fyrir hreyfihamlaða er fjölgað úr 2 í 4 ásamt því að komið er fyrir 2 sérmerktum sleppistæðum fyrir rútur.

Tillöguuppdrátt ásamt greinargerð má nálgast hjá skipulagssviði í Ráðhúsi Akureyrar frá 28. janúar - 11. mars 2026. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu bæjarins á sama tíma á www.akureyri.is undir Skipulag og lóðir í auglýsingu og á www.skipulagsgatt.is.

Ábendingum þar sem nafn og kennitala kemur fram má skila í gegnum Skipulagsgátt.

Frestur til að skila inn ábendingum er veittur út 11. mars 2026.

Akureyri, 28. janúar 2026

Skipulagsfulltrúi

20260128004A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Auglýsing um skipulag - Akureyrarbær

Deiliskipulag hafnarsvæðis sunnan Glerár, Akureyri - Deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis sunnan Glerár, Akureyri vegna staðsetningar nýs byggingarreits við Laufásgötu 4.

Breytingin tekur til Laufásgötu 4 og felur í sér að skilgreindur er nýr byggingarreitur innan lóðar sem er 16 metrar x 3.75 metrar. Heimilt verður að reisa allt að 50m² byggingu sem hýsa á salernisaðstöðu.

Tillöguupprátt ásamt greinargerð má nálgast hjá skipulagssviði í Ráðhúsi Akureyrar frá 28. janúar - 11. mars 2026. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu bæjarins á sama tíma á www.akureyri.is undir Skipulag og lóðir í auglýsingu og á www.skipulagsgatt.is.

Ábendingum þar sem nafn og kennitala kemur fram má skila í gegnum Skipulagsgátt.

Frestur til að skila inn ábendingum er veittur út 11. mars 2026.

Akureyri, 28. janúar 2026

Skipulagsfulltrúi.

20260128005A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Auglýsing um skipulag - Skagafjörður

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 45. fundi sínum þann 21. janúar 2026 að auglýsa skipulagslýsingu fyrir Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ"skv. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hér er sett fram skipulagslýsing vegna gerð nýs deiliskipulags fyrir Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ. Lýsingin gerir grein fyrir fyrirhugaðri vinnu við gerð deiliskipulagsins og í henni koma fram áherslur Byggðasafns Skagfirðinga, Glaumbæjarkirkju og Þjóðminjasafns Íslands. Í lýsingunni eru einnig upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli samkvæmt fyrrnefndum skipulagslögum.

Helsta markmið deiliskipulagsins er að bæta aðgengi og móttöku ferðamanna og gesta sem sækja heim Byggðasafn Skagfirðinga og Glaumbæjarkirkju. Skipulaginu er ætlað að skapa ramma um jákvæða og skynsamlega uppbyggingu til lengri tíma. Lögð verður áhersla á að mannvirki hafi samræmda heildarásýnd sem falli vel að sérkennum umhverfisins og núverandi byggðar.

Skipulagslýsingin er auglýst frá 28. janúar til og með 26. febrúar 2026.

Hægt er að skoða hana í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á www.skipulagsgatt.is, undir málsnúmeri 1641/2025. Skipulagslýsingin mun jafnframt liggja frammi til kynningar í Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma. Einnig er hægt að nálgast gögnin á heimasíðu Skagafjarðar www.skagafjordur.is.

Með kynningu skipulagslýsingar er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að senda inn rafrænar ábendingar og ábendingar sem snúa að málefnum deiliskipulagsins og komandi skipulagsvinnu í gegnum vef Skipulagsgáttar á www.skipulagsgatt.is, mál 1641/2025 í síðasta lagi 26. febrúar 2026. Einnig er hægt að skila inn skriflegum umsögnum til skipulagsfulltrúa í afgreiðslu Ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is.

Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar.

28. janúar 2026

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir.

20260128006A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Áslaug Heiða Scheving Thorsteinsson, kt. 120983-3429, með ótilgreint lögheimili.

Dómkröfur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 3.547.744 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 188.118 frá 1.3.2025 til 27.10.2025 en af kr. 3.547.744 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-76069

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi sem innifelur 24% vsk.

Málflutningsumboð og fyrirsvor: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Raket Elíasdóttir, kt. 060781-4519, Reynihvammi 23, Kópavogi.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-100967 þann 24.8.2009 upphaflega að fjárhæð kr. 1.813.452. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 374,1 stig. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærrí en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögnum og úrskurðar um vafatilfelli. Námslok eru skráð hjá stefndu þann 29.6.2011 en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Við námslok var fjárhæð námslána stefndu færð á skuldabréf nr. G-100967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 1.3.2025 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll samkvæmt skuldabréfi nr. G-100967 felld í gjalddaga þann 27.9.2025.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð kr.
1.3.2025	188.118
Gjaldfelldar eftirstöðvar 27.9.2025	3.359.626

Eða alls kr. 3.547.744 sem er stefnufjárhæð þessa máls.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu með vísan til a-liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er skráð með ótilgreint lögheimili hjá þjóðskrá og hefur stefnandi því ekki aðra úrkosti en að birta stefnuna í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-100967, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna

stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðsluyfirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 10. mars 2026 kl. 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 21. janúar 2026
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.
20260128002A

Útgáfud.: 28. janúar 2026

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 27. janúar 2026 sl. í máli nr. L-3814/2025, var Ólafur Sturla Yngvason, kt. 020602-2950, sviptur fjárræði, tímabundið í fimm ár frá uppkvaðning úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjaness, 27. janúar 2026
f.h. Jónasar Þórs Guðmundssonar héraðsdómara
Arndís Sveinbjörnsdóttir
20260128018A

Lögbirtingablað,

12. tölublað 2026.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi

Kristín Þórðardóttir

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.